

## **Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands**

**Mál nr. 6/2021-2022**

**Kærandi:** Huginn Þór Grétarsson.

**Kærðu:** Vefmiðillinn 24.is.

### **Kæruefni:**

Myndbirting og tengsl kæranda við Facebook-hópinn *Karlmennskuspjallið* án þess að hann væri nefndur í umfjölluninni sem kærandi telur alvarlega framkomu blaðamanns. Einnig sakar kærandi miðilinn um ólöglega birtingu af höfundarréttarvörðu myndefni sem tengist útgáfunni Óðinsauga og bók kæranda og fjölskyldumeðlims hans.

### **Málsmeðferð:**

Kæran barst skrifstofu Blaðamannafélagsins með tölvupósti 12. október og var henni fylgt eftir með fleiri tölvupóstum frá kæranda næstu daga. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum 19. október, 2. og 30. nóvember og 14. desember. Óskað var eftir andsvörum kærðu en þau bárust ekki þrátt fyrir ítrekun.

### **Málavextir:**

Kærandi sakar miðilinn 24.is um tilefnislausu birtingu myndar af sér í umfjöllun miðilsins 11. október undir fyrirsögninni *Karlmenn sem rakka niður konur í leyni: Hulunni svipt af hópnun*. Er þar fjallað um Facebook-hópinn *Karlmennskuspjallið* og sagt að þar stundi rúmlega 700 karlmenn fyrir orðræðu sem lítillækki konur. Kærandi telur að birting samsettrar myndar þar sem hann er í áðurnefndum hópi manna sé tilefnislaus og særandi enda ekkert í umfjöllun miðilsins sem tengi kæranda við hópinn.

Miðillinn 24.is birtir síðar frétt um að hann hafi verið kærður til Siðanefndar og segir þar jafnframt að alltaf hafi staðið til að „birta hin ýmsu ummæli eftir Huginn (*sic*) enda af nægu að taka.“ Miðillinn kveðst harma að ummæli Hugins hafi ekki birst í upprunalegu umfjölluninni, kveðst biðjast afsökunar „ef það hefur valdið honum skaða“ og tilfærir síðan ýmis ummæli Hugins.

### **Umfjöllun:**

Siðanefnd ákvað að fjalla um kærana þrátt fyrir að hún væri reifuð með óljósum hætti en af tölvusamskiptum mátti þó ráða að hún varðaði einkum birtingu myndar af kæranda í tengslum við umfjöllun um hópinn *Karlmennskuspjallið*. Siðanefnd óskaði viðbragða frá 24.is vegna

kærunnar og bærust þau ekki þrátt fyrir ítrekun. Hins vegar birti miðillinn umfjöllun um málið 22. október eftir að kærán kom fram. Kemur þar fram að Huginn hafi verið mjög virkur meðlimur hópsins þar til honum hafi verið lokað og hann tjáð sig þar um alls kyns málefni. Því hafi þótt ástæða til að birta af honum mynd og staðið hafi til að vitna einnig í ummæli hans. Birtir miðillinn þannig ýmis ummæli Hugins og kveðst jafnframt biðjast afsökunar á að ummælin skuli ekki hafa birst í „afhjúpun um Karlmennskuspjallið og harmar um leið ef það hefur valdið honum skaða.“ Þá kemur fram að ritstjórn 24.is telji rétt að bregðast við á þann hátt að birta hluta þeirra ummæla sem Huginn hafi látið falla um konur og femínista á Karlmennskuspjallinu og áttu að standa í greininni 11. október og er tekið fram að greinin hafi verið leiðrétt í samræmi við það.

Siðanefnd telur ljóst af gögnum málsins að kærandi hafi tilheyrt umræddum hópi um karlmennskuspjall. Kærandi geti því ekki vikist undan því að vera tengdur hópnum í umfjöllun kærða með myndbirtingu jafnvel þótt ekki séu þar tilfærð ummæli hans.

#### Úrskurður:

Kærði, vefmiðillinn 24.is, telst ekki hafa brotið siðareglur Blaðmannafélags Íslands.


Reykjavík 14. desember 2021



Friðrik Þór Guðmundsson




Ásgeir Þór Árnason



Fanney Birna Jónsdóttir



Þórdís Helgadóttir



Jóhannes Tómasson